

Re: Beiðni um umsögn vegna hjólastígs við Mývatns

Búið til	7.6.2024 11:21:44
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	7.6.2024 11:21:43
Tilheyrir	202405-0053 - Beiðni um umsögn vegna hjólastígs við Mývatns

Efni

Re: Beiðni um umsögn vegna hjólastígs við Mývatns

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	7.6.2024 11:21:43	Staða	Innflutt
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	4.2.3 Umsagnir um skipulagstillögur		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	thordis.v.bragadottir@umhverfisstofnun.is

Innihald

Komdu sæl,

Tilvísun í mál nr. 202405-0053.

Vísað er í tölvubréf frá Umhverfisstofnun, dags. 29 maí 2024, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um ósk um breytingu á framkvæmdaleyfi vegna hjólastígs við Mývatn. Breytingin snýr að hönnun stígsins við Óhappstjörn og er þar óskað eftir að setja fyllingu út í tjörnina frekar en brú.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn um framkvæmdina þann 1 apríl 2022 þar sem kom fram eftirfarandi um þann hluta er liggur að Óhappstjörn. "Við afleggjarann að Kálfaströnd nálægt Birtingatjörn og við Óhappstjörn er lega stígsins alveg í vatnsbakka og jafnvel ofan á að hluta. Greinileg þörf er á fyllingum. Aðstæður eru vissulega erfiðar við að koma stíg þarna fyrir en afar óheppilegt er ef raska þarf bökkum vatnsins. Í tjörnum þessum og í Kálfastrandarvogum er lindavatn og þar er óvenjulegt líffiki, t.d. ísaldarmarflær og sérstök bleikjuafbrigði. Allt rask á þessu svæði er því mjög óheppilegt. Náttúrufræðistofnun hefur áhyggjur af þessum áformum og telur að þar sem lega hjóla- og göngustígsins liggja alveg upp að bakka Mývatns og nálægri tjarna og jafnvel út í vatnið á köflum, sé viðkvæmri náttúru svæðisins ógnað."

Í kjölfarið var framkvæmdinni breytt og stefnt að því að gera brú yfir jaðar Óhappstjarnar sem Náttúrufræðistofnun mat mikið til bóta. Nú hefur verið hætt við þau áform án þess að það sé útskýrt frekar hvers vegna. Í staðinn er stefnt að fyllingu. Upphafleg athugasemd Náttúrufræðistofnunar á því aftur við og

vill stofnunun ítreka hversu óheppilegt það sé að raska þurfi tjörninni og skapa hættu á gruggmengun. Rökstyðja þarf betur hvers vegna áform við brú eru ekki lengur inni í myndinni að mati Náttúrufræðistofnunar.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....

Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History

Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Þórdís Vilhelmína Bragadóttir - UST" <thordis.v.bragadottir@umhverfisstofnun.is>

To:

CC:

Subject: Beiðni um umsögn vegna hjólastígs við Mývatns

Date: 29.5.2024 15:50:56

Þingeyjarsveit hefur óskað eftir að fá að gera breytinga umsókn sinni um leyfi til framkvæmda við gerð Hjólastígs við Mývatn. Umhverfisstofnun veitti leyfi fyrir framkvæmdinni þann 28. nóvember 2022 og lá umsögn þá fyrir.

Um er að ræða breytingu á hönnun við stígsins við Óhappstjörn. Óskað er eftir því að fá að setja fyllingu út í tjörnina í stað þess að gera brú þar eins og gert var ráð fyrir í upprunalegri hönnun. Umhverfisstofnun óskar umsagnar ykkar vegna breytingarinnar á hönnun stígsins á þessum kafla í samræmi við 17. gr. reglugerðar nr. 665/2012 um verndun Mývatns og Laxár í Suður Þingeyjarsýslu. Gögn málsins er að finna í viðhengi.

Þess er óskað að umsögnin berist eigi síðar en 6. júní 2024

Bestu kveðjur, Best regards

Þórdís Vilhelmína Bragadóttir

Sérfræðingur, Advisor

Svið náttúruverndar, Department of Nature Protection Areas



Umhverfisstofnun, Environment Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík, Iceland

Sími / Phone: +354 591 2000

www.ust.is (<https://eur04.safelinks.protection.outlook.com/?url=http%3A%2F%2Fwww.ust.is%2F&data=05%7C02%7Cni%40ni.is%7Ce5f651dfaa904f2f8b7408dc7ff6f6c9%7C764a306d0a6845ad9f076f1804447cd4%7C0%7C0%7C638525946567896566%7CUnknown%7CTWFPbGZsb3d8eyJWljojMC4wLjAwMDAiLCJljojV2luMzliLCJBTiI6Ik1haWwiLCJXVCI6Mn0%3D%7C0%7C%7C%7C&sdtaa=Wl%2FGPNpcj5K8bFjr49E16Kn1oCbBQIOYJGY%2F3K4RewM%3D&reserved=0>)

DISCLAIMER / UM TÖLVUPÓSTINN: [Http://www.ust.is/disclaimer](http://www.ust.is/disclaimer)

(<https://eur04.safelinks.protection.outlook.com/?url=http%3A%2F%2Fwww.ust.is%2Fdisclaimer&data=05%7C02%7Cni%40ni.is%7Ce5f651dfaa904f2f8b7408dc7ff6f6c9%7C764a306d0a6845ad9f076f1804447cd4%7C0%7C0%7C638525946567896566%7CUnknown%7CTWFPbGZsb3d8eyJWljojMC4wLjAwMDAiLCJljojV2luMzliLCJBTiI6Ik1haWwiLCJXVCI6Mn0%3D%7C0%7C%7C%7C&sdtaa=Wl%2FGPNpcj5K8bFjr49E16Kn1oCbBQIOYJGY%2F3K4RewM%3D&reserved=0>)

[url=http%3A%2F%2Fwww.ust.is%2Fdisclaimer&data=05%7C02%7Cni%40ni.is%7Ce5f651dfaa904f2f8b7408dc7ff6f6c9%7C764a306d0a6845ad9f076f1804447cd4%7C0%7C0%7C638525946567896566%7CUnknown%7CTWFPbGZsb3d8eyJWljojMC4wLjAwMDAiLCJljojV2luMzliLCJBTiI6Ik1haWwiLCJXVCI6Mn0%3D%7C0%7C%7C%7C&sdtaa=Wl%2FGPNpcj5K8bFjr49E16Kn1oCbBQIOYJGY%2F3K4RewM%3D&reserved=0](http://www.ust.is/disclaimer)

c7ff6f6c9%7C764a306d0a6845ad9f076f1804447cd4%7C0%7C0%7C638525946567908738%7CUnknown%7C
TWfPbGZsb3d8eyjWljoimC4wLjAwMDAiLCJQljoiv2luMzliLCJBTil6lk1haWwiLCJXVCI6Mn0%3D%7C0%7C%7C%
7C&sdata=%2B2pLX%2BkNc5CjxauXD8uCCQOR3eoxYObnWo2rE61T6O4%3D&reserved=0)